

Samþykkt á fundi borgarstjórnar 1. febrúar 2022

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðgerðir	2
Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar	2
Forvarnarverkefni í hverfum	2
Saman gegn ofbeldi	2
Þjónustusamningar	11
Bjarkarhlíð – aðild að rekstri	12
Barnavernd	13
Opinskátt um ofbeldi	15
Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi	15
Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í skóla- og frístundastarfi	16
Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks	18
Eineltisáætlanir	18
Sporna gegn Rásisma	19
Öruggar borgir á Norðurlöndum	19
Örugg borgarrými	23
Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum	24
Vændi og mansal	24
Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar	25

MYNDIR: LINDA ÓLAFSDÓTTIR

Inngangur

Aðgerðaráætlunin er unnin af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar. Hún er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd. Aðgerðaráætlunin er ekki tæmandi enda ýmis verkefni sem sett eru á laggirnar með litlum fyrirvara til að bregðast við ákveðnum aðstæðum og einnig er erfitt að afla upplýsinga um öll verkefni sem í gangi eru.

Það er mikilvægt að hafa í huga að sumir hópar í samfélaginu eru útsettari fyrir ofbeldi en aðrir og einstaklingar verða oft fyrir margbættri mismunun t.d. einstaklingar með fötlun sem eru innflytjendur eða konur sem eru hinsegin svo dæmi sé tekið.

Aðgerðaráætlunin byggir meðal annars á:

- ✓ Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- ✓ Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
- ✓ Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020
- ✓ Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess
- ✓ Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum
- ✓ Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)
- ✓ Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförunum árum
- ✓ Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu **Saman gegn ofbeldi**

Aðgerðir

Hér á eftir fara aðgerðirnar. Þeim er skipt niður í kafla eftir helstu viðfangsefnum.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs. Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Nefndin er skipuð sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamtót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Ofbeldisvarnarnefnd fylgir eftir ýmsum verkefnum sem lúta að minnkun ofbeldis m.a. hefur hún það hlutverk að fylgja eftir þessari aðgerðaráætlun.

Aðgerð 1

Samráðsvettvangur

Skapa vettvang fyrir samráð borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna með því að starfrækja ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og efla þekkingu þessara aðila á ofbeldisvörnum.

Markmið: Markmiðið með starfi nefndarinnar er að stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Ábyrgðaraðili: Borgarráð.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

Tímarammi/staða: Á meðan samþykktir um hana eru í gildi.

Kostnaður: Fjárheimildir vegna ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar eru kr. 1.190.000 fyrir árið 2021.

Forvarnarverkefni í hverfum

Fjölmörg forvarnarverkefni m.a. gegn ofbeldi og verkefni sem lúta að eflingu félagsauðs eru starfrækt í hverfum borgarinnar. Verkefni eru á vegum þjónustumiðstöðva borgarinnar eða leik- og grunnskóla og tengjast m.a. frístundastarfi. Þau eru iðulega unnin í samvinnu margra aðila. Einnig eru til ýmsir samstarfs- eða samráðshópar sem ná til borgarinnar í heild og sinna forvarnarstarfi eins og t.d. **Saman hópurinn** og **Náum áttum**. Þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og taka oft breytingum til að laga þau að aðstæðum hverju sinni eru þau ekki tilgreind hér hvert og eitt.

Saman gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvænnaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Polendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð, vinnulag lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt og börn fá stuðning frá sálfræðingum

Barnaverndar Reykjavíkur. Þetta er ekki lengur átaksverkefni eins og í upphafi heldur verklag sem er unnið eftir í heimilisofbeldismálum.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á samstarfsverkefninu og er í því lögð áhersla á ýmsa þá hópa sem mannréttindastefnan nær til. Þannig er horft sérstaklega til hinsegin fólks og heimilisofbeldis, fatlaðs fólks og heimilisofbeldis, eldra fólks og heimilisofbeldis og innflytjenda og heimilisofbeldis. Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu/staðnum og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu/staðnum er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotþola á staðnum.

Aðgerð 2

Reglulegir samráðsfundir í Saman gegn ofbeldi

Reglubundnir samráðsfundir eru haldnir í teyminu sem stýrir verkefninu **Samán gegn ofbeldi** til að taka á þeim málum sem upp kunna að koma og þróa verklagið. Fundirnir eru einnig notaðir til að afla þekkingar í málaflokknum og til að fylgjast með því sem er efst á baugi.

Teymið er skipað fulltrúum frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, skrifstofu Velferðarsviðs, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfinu, Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið: Að stilla saman strengi til þess að tekið sé markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnastjóri.

Samstarfsaðilar: Grasrótarsamtök, fræðasamfélagið, ríkið önnur sveitarfélög og aðrir sem vinna gegn ofbeldi.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Reykjavíkurborg veitti 41 milljón til verkefnisins 2021.

Aðgerð 3

Ráðgjöf og stuðningur í útkalli og í kjölfar þess

Veita ráðgjöf og stuðningur í útkalli. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á þjónustumiðstöð mæta á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotþoli spurður hvort kalla megi til félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafi hefur samband við brotþola innan fjögurra virkra daga og býður brotþola upp á viðtal.

Félagsráðgjafi og lögregla fara saman í eftirfylgniheimsókn á heimilið innan tveggja vikna og er tilgangurinn m.a. að kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldi sé viðvarandi og til að minna aftur á þá aðstoð sem er í boði.

Markmið: Veita stuðning og tryggja áframhaldandi þjónustu við brotþola og börn og sjá til þess að gerendum séu ljóst að hægt er að sækja sér meðferð.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið - þjónustumiðstöðvar.

Samstarfsaðilar: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 4

Ráðgjöf til brotþola á þjónustumiðstöðvum þó ekki sé um útkall að ræða

Veita brotþolum markvissa ráðgjöf. Öllum brotþolum heimilisofbeldis er boðið upp á skipulagða félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðvar. Áhersla er lögð á að biðtími eftir ráðgjöf sé stuttur og að heimilisofbeldismál séu forgangsmál. Samkvæmt ábendingu frá öldungaráði þá vill sumt eldra fólk frekar þjónustu prests í þessum aðstæðum og er þá höfð milliganga þar um.

Markmið: Að styðja við brotþola ofbeldis.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma velferðarsviðs.

Aðgerð 5

Stuðningur við börn með viðtölum

Veita börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi stuðning með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga.

Markmið: Að styðja við þau börn sem verða vitni að heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan ramma velferðarsviðs/Barnaverndar Reykjavíkur.

Aðgerð 6

Greina hvernig má mæta brotaþolum í tengslum við húsnæðismál

Fara yfir það hvernig hægt er að mæta brotaþolum ofbeldis í húsnæðismálum. Horft verði til þess hvort borgin eigi að vera með sérstaka íbúð fyrir brotaþola heimilisofbeldis til að dvelja í til styttri tíma. Einnig verði skoðað hvernig hægt er að mæta brotaþolum í úthlutunarreglum vegna húsnæðis á vegum borgarinnar t.d. með því að veita brotaþolum forgang og setja fram vinnulag t.d. um það hvernig bregðast skuli við því þegar gerandi neitar að fara út úr íbúð sem er á beggja nafni.

Markmið: Að styðja við brotaþola í því að skapa sér og í mörgum tilvikum börnum sínum öruggt líf.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Vor 2022.

Kostnaður: Ekki vitað en mun koma fram í þeim tillögum sem settar verða fram.

Aðgerð 7

Greina stöðu heimilislauss fólks í tengslum við heimilisofbeldi

Heimilislaust fólk með fjölþættan vanda er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart ofbeldi og misnotkun. Settur verði á fót starfshópur til að fara yfir stöðu þeirra og gera tillögur að úrbótum.

Markmið: Greina hvernig er hægt að bæta þjónustu við þennan hóp.

Ábyrgðaraðili: **Saman gegn ofbeldi** og velferðarsvið - samvinna.

Samstarfsaðilar: Aðilar sem sinna heimilislausu fólki.

Tímarammi: 2022

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs og verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

Aðgerð 8

Skimun á þjónustumiðstöðvum

Félagsráðgjafar skimi/spyrji hvort viðkomandi búi eða hafi búið við ofbeldi hjá öllum sem koma í viðtöl til þeirra. Þess sé sérstaklega gætt að skima líka fyrir ofbeldi hjá öldruðum.

Markmið: Að greina strax hvort vandi tengist heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma velferðarsviðs.

Aðgerð 9

Söfnun tölfraeðiupplýsinga og birting

Taka saman tölfraeðiupplýsingar á Velferðarsviði og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og birta sameiginlega með reglubundnum hætti á vef borgarinnar.

Markmið: Að gera þeim sem koma að verkefninu og öðrum sem hafa á því áhuga kleift að fylgjast með þróun mála.

Ábyrgðaraðili: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnisstjóri, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Uppfært í hverjum mánuði.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 10

Almenn fræðsla um heimilisofbeldi

Veita ráðgjöfum þjónustumiðstöðva, starfsfólki Barnaverndar og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem fara í útköll og sinna eftirfylgni, fræðslu um ýmsar birtingamyndir heimilisofbeldis. Einnig að vera með fræðslu um þá hópa sem er hvað hættast við að verði fyrir ofbeldi s.s. fatlað fólk og fræðslu um sérstöðu annarra hópa s.s. hinsegin samfélagsins og hvað annað sem þeim finnst gagnast í þessu starfi. Unnin er fræðsluáætlun fyrir hvern vetur.

Markmið: Byggja upp þekkingu starfsfólks á heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Teymið sem stýrir **Saman gegn ofbeldi** og verkefnisstjóri.

Samstarfsaðilar: Samráðsteymi félagsráðgjafa og starfsfólks barnaverndar innan verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 11

Fræðsla og þjálfun í notkun túlkþjónustu

Þjóða fræðslu og þjálfun fyrir félagsráðgjafa um notkun túlkþjónustu á ensku. Reykjavíkurborg nýtir erlenda símatúlkun og það er mikilvægt þjálfna starfsfólk í notkun hennar.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið, **Saman gegn ofbeldi**/verkefnisstjóri.

Samstarfsaðilar: Ráðgjafar og aðrir sérfræðingar í málefnum innflytjenda.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerð 12

Fræðsla í menningarnæmni

Að bjóða fræðslu til að auka hæfni starfsfólks við aðstæður þar sem menningarlegrar næmi er þörf. Þetta styðji félagráðgjafa sem veita innflytjendum þjónustu í heimilisofbeldismálum og nýtist mögulega öðru starfsfólki sem þjónustar innflytjendur.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið, **Saman gegn ofbeldi** og mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Samstarfsaðilar: Ráðgjafar í innflytjendamálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og aðrir sérfræðingar á þessu sviði.

Tímarammi/staða: Þarf að greina þörf á því hversu oft þarf að bjóða upp á þessa fræðslu.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerð 13

Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar yfir þjónustu

Vera með upplýsingar á vefsíðu borgarinnar um það hvert brotapolar og gerendur geta leitað til að fá aðstoð. Einnig að birta upplýsingar um verkefnið **Saman gegn ofbeldi**, bæklinga, skýrslur og annað efni sem lýtur að verkefninu og kann að gagnast almenningi, öðrum sveitarfélögum, grasrótarsamtökum o.fl.

Markmið: Að leiðir til að leita sér hjálpar séu ljósar og að það efni sem búið er til á vegum **Saman gegn ofbeldi** nýtist sem flestum.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Samstarfsaðilar: Ráðgjafar/sérfræðingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í málefnum innflytjenda.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 14

Upplýsingagjöf á erlendum tungumálum

Birta upplýsingar á ensku og pólsku á vefsíðu borgarinnar um það hvar sé hægt að leita sér aðstoðar. Einnig sé þess gætt að bæklingar og annað upplýsingaefni sé einnig á ensku og pólsku.

Markmið: Að ná til innflytjenda með upplýsingar.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 15

Samstarf við frjáls félagasamtök

Samstarf við félagasamtök sem vinna með innflytjendum, áttthagafélög innflytjenda, trúfélög og kvennasamtök um dreifingu upplýsinga um heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: **Saman gegn ofbeldi**/verkefnisstjóri og ráðgjafar í innflytjendamálum.

Samstarf: Aðilar innan og utan Reykjavíkurborgar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 16

Meðferð fyrir gerendur

Rjúfa vítahring ofbeldis með því að vísa gerendum á meðferðarúrræðið Heimilisfriður og í sumum tilvikum veita þeim styrk til að nýta sér það.

Hvetja ríkið til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi en nú er einvörðungu styrkt meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánnum samböndum.

Hvetja ríkið til þess að huga að meðferð sem einnig nýtist þeim sem ekki eru íslenskumælandi.

Markmið: Að koma í veg fyrir heimilisofbeldi með því að vinna að því að gerendur láti af ofbeldishegðun.

Ábyrgðaraðili: *Hvatning:* **Saman gegn ofbeldi**. *Meðferð:* Vísað af velferðarsviði til Heimilisfriðar.

Tímarammi/staða: Bréf með greinargerð til ríkisins 2022, annað er viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan ramma **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 17

Fatlað fólk og ofbeldi

Leggja áherslu á stöðu fatlaðs fólks í tengslum við ofbeldi. Fatlaðar konur og börn eru í einna mestri hættu á að verða beitt ofbeldi í samfélaginu. Fatlað fólk getur verið þolendur ofbeldis með sama hætti og ófatlað fólk. Hins vegar á fatlað fólk það einnig á hættu að vera beitt ofbeldi sem sérstaklega er bundið við stuðningsþarfir þess og jaðarsetta stöðu í samfélaginu.

Fræðsla verði í boði fyrir starfsstaði um fatlað fólk og ofbeldi og einnig bent á rafrænt fræðslufni sem er til. Reglulegt samráð verði haft við réttindagæslumenn fatlaðs fólks í Reykjavík til þess að hægt verði að bregðast við ábendingum þeirra varðandi stöðu fatlaðs fólks í borginni.

Ábyrgðaraðili: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um fræðslu þegar farið er á staðinn, rafrænt fræðsluefni er til og er á vegum velferðarsviðs.

Velferðarsvið hefur reglubundið samráð við réttindagæslumenn. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/**Saman gegn ofbeldi** á fund einu sinni á ári með réttindagæslu vegna málefna sem snúa að ofbeldi og mannréttindastefnu borgarinnar.

Markmið: Efla þekkingu starfsfólks á ofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir og að tryggja upplýsingaflæði á milli réttindagæslu og Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri **Saman gegn ofbeldi**, sérfræðingur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í málefnum fatlaðs fólks og velferðarsvið.

Tímarammi: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi og velferðarsviðs**.

Aðgerð 18

Vinna upplýsingaefni fyrir fatlað fólk

Hanna og prenta upplýsingaefni/veggspjald fyrir fatlað fólk til að hengja upp í íbúðakjörnum og annars staðar þar sem við á. Upplýsingaefninu verði fylgt eftir með heimsókn í íbúðakjarnana og á aðra þá staði þar sem mikilvægt er að vera með þessar upplýsingar.

Markmið: Vekja athygli á réttindum og mögulegum leiðum til að leita sér aðstoðar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa – sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks.

Samstarf: Velferðarsvið.

Tímarammi: 2022.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 19

Hvetja til breytinga á verklagsreglum ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála

Í verklagsreglum ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála er heimilisofbeldi skilgreint sem ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl. Í annarri grein verklagsreglna segir að „Með geranda og þolanda er í reglum þessum átt við sakborning og brotþola. Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón, sambúðarfólk eða par (þ.e. ofbeldi í nánu sambandi), börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn“.

Samkvæmt verklagsreglunum er ekki litið á það sem heimilisofbeldi þegar einn íbúi t.d. í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk eða fyrir fólk með fjölþættan vanda beitir annan íbúa ofbeldi. Þetta leiðir af sér að við þær aðstæður þá er vinnulag í heimilisofbeldismálum ekki virkjað.

Lögð verði áhersla á að breyta þessu til þess að verklag sem hefur reynst vel nýtist betur fötluðu fólki.

Markmið: Bæta stöðu fatlaðs fólks í tenglum við heimilisofbeldi og úrvinnslu vegna þess.

Ábyrgð: Stýrihópur **Saman gegn ofbeldi**.

Samstarf: Starfsfólk sem vinnur með fötluðu fólki.

Tímarammi: 2022.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 20

Heimilisofbeldi og hinsegin fólk

Leggja áherslu á það, í samstarfi við Samtökin '78, að ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi. Þjóða fræðslu og vinna rafrænt fræðsluefni.

Markmið: Að hinsegin fólk þekki birtingamyndir heimilisofbeldis.

Ábyrgðaraðili: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks í samvinnu við verkefnisstjóra **Saman gegn ofbeldi**.

Samstarfsaðili: Samtökin '78.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 21

Eldra fólk og heimilisofbeldi

Þjóða fræðslu um aldraða og heimilisofbeldi innan borgarinnar. Vinna rafrænt fræðsluefni. Dreifing bæklinga um aldraða og heimilisofbeldi.

Markmið: Að þau sem þjónusta aldraða þekki birtingamyndir heimilisofbeldis í þeim hópi og þær leiðir sem færar eru til að bregðast við því.

Ábyrgðaraðili: **Saman gegn ofbeldi**, stýrihópur og verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Samstarfsaðilar: Er unnið í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Aðgerð 22

Teymi um þjónustu við aldraða

Sett verði á fót **Lausnateymi** sem staðsett verður hjá **SELMA**, sem er færnanlegt öldrunarteymi í heimaþjónustu. Lausnateymið mun sinna flóknum málum sem tengjast þjónustu við aldraða m.a. málum sem tengjast heimilisofbeldi.

Markmið: Að efla samstarf í flóknum heimilisofbeldismálum aldraðra til að geta betur mætt þörfum þessa hóps.

Tímarammi: 2022.

Ábyrgð: Velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Aðilar innan borgarkerfisins og utan eftir því sem við á hverju sinni.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

Aðgerð 23

Leiðbeiningar fyrir samstarfsfólk þeirra sem búa við eða hafa orðið fyrir ofbeldi

Vinna verklagsreglur/leiðbeiningar fyrir starfsfólk borgarinnar verði það vart við að samstarfsfélagar búi við heimilisofbeldi.

Markmið: Finna leiðir til að styðja við samstarfsfólk sem býr við heimilisofbeldi.

Ábyrgð: **Saman gegn ofbeldi**/verkefnisstjóri og mannauðs- og starfsumhverfissvið

Tímarammi: Vor 2022.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Þjónustusamningar

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við grasrótarsamtök sem vinna með brotaþolum ofbeldis. Vinna grasrótarsamtaka með brotaþolum bæði heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis er mikilvæg og viðurkennir borgin það í verki með þjónustusamningum við þau. Markmiðið með þeim er að veita borgarbúum sem hafa orðið fyrir ofbeldi stuðning, ráðgjöf og meðferð ásamt því að efla fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis.

Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í rekstri Bjarkarhlíðar sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, ráðuneyti sem fara með málaflokkinn, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Samtaka um Kvænnaathvarf, Kvinnaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eiga sæti í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar.

Samningar við grasrótarsamtök og samstarfsverkefnið um Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, tryggja að í boði sé þjónusta sem höfðar til breiðs hóps.

Aðgerð 24

Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Kvennaathvarfið

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Kvennaathvarfsins þannig að konum og börnum þeirra bjóðist dvöl og ráðgjöf þegar þau þurfa á að halda.

Markmið: Að konur og börn þeirra eigi kost á dvöl við öruggar aðstæður þegar á þarf að halda og ráðgjöf vegna heimilisofbeldis.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður á ári sbr. þjónustusamning: kr. 12.500.000.

Aðgerð 25

Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Stígamót

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Stígamóta þannig að áfram verði hægt að bjóða brotapolum kynferðisofbeldis ráðgjöf án endurgjalds.

Markmið: Að einstaklingar geti fengið stuðning sér að kostnaðarlausu sem lið í að byggja upp betra líf.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: 12.000.000 kr. á ári.

Bjarkarhlíð – aðild að rekstri

Ofbeldisvarnarnefnd telur Bjarkarhlíð hafa sannað mikilvægi sitt og að tryggja þurfi að starfsemin haldi áfram. Lagt er til að ráð verði gert fyrir áframhaldandi árlegum stuðningi, en forsenda er aðkoma ríkisins að rekstri.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði Bjarkarhlíðar og sitja fulltrúar borgarinnar í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar.

Aðgerð 26

Þátttaka í rekstri Bjarkarhlíðar

Taka þátt í rekstri og þróun þjónustunnar í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis.

Markmið: Veita öllum stuðning og ráðgjöf sem eru 18 ára og eldri og búa við ofbeldi eða hafa orðið fyrir ofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Öll sem koma að rekstri Bjarkarhlíðar.

Kostnaður: Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir starfsemina, u.þ.b. 3 millj. á ári.

Barnavernd

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Það er hlutverk Barnaverndar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Leitast er við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarlögum er kveðið á um að allir sem hafa með uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

- **Eftirlit:** Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
- **Úrræði:** Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
- **Önnur verkefni:** Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í barnaverndarlögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjáskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

Markmið: Bæta uppeldisskilyrði barna á heimilum þeirra og almennt í samfélaginu. Tryggja að öll börn búi við öryggi.

Aðgerð 27

Bregðast án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni

Barnaverndarstarfsfólk bregst án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni. Til að auðvelda leiðina til að tilkynna hefur verið komið upp tilkynningahnappi á vefsíðu borgarinnar.

Markmið: Tryggja öryggi og vellíðan barna.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma velferðarsviðs/Barnaverndar Reykjavíkur.

Aðgerð 28

Fræðsla og handleiðsla í skólum og tómstundastarfi

Barnavernd sér um fræðslu á barnaverndarlögum og þeim skyldum sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi þarf að mæta samkvæmt þeim. Einnig sér Barnavernd um handleiðslu við starfsfólk þegar á þarf að halda.

Markmið: Að starfsfólk sé vakandi fyrir mögulegu ofbeldi, þekki skyldur sínar og hvar það geti fengið ráðgjöf.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Samstarfsaðilar: Skóla- og frístundasvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma velferðarsviðs/Barnaverndar Reykjavíkur.

Aðgerð 29

Uppfæra ferla og leiðbeiningar vegna barnaverndartilkynninga

Uppfæra samræmda ferla og leiðbeiningar til starfsfólks vegna barnaverndartilkynninga í öllum leik- og grunnskólum borgarinnar. Þar sé tilgreint m.a. með dæmum að það að búa við heimilisofbeldi þótt að barn verði ekki sjálft fyrir ofbeldi teljist ofbeldi gegn barni vegna þeirra áhrifa sem það hefur á börn.

Markmið: Að styðja við öryggi barna og ungmenna og efla þekkingu á afleiðingum heimilisofbeldis.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Samstarfsaðili: Skóla- og frístundasvið.

Tímarammi/staða: 2022-2023.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma sviðanna.

Aðgerð 30

Þjóða þeim viðtöl sem hafa verið vistað á vegum Barnaverndar Reykjavíkur

Að bjóða fólki sem hefur verið vistað á vegum Barnaverndar Reykjavíkur í gegnum tíðina í viðtöl. Hugmyndin er sú að þau sem hafa upplifað erfiða hluti, í vistuninni og/eða upplifðu það sem íþyngjandi lífsreynslu að þurfa að fara frá foreldrum/forráðafólki fái tækifæri til að vinna úr þeirri reynslu.

Ábyrgð: Velferðarsvið í samstarfi við Bjarkarhlíð.

Samstarfsaðilar: Félag fósturbarna.

Tímarammi: 2022-2024.

Kostnaður: Framlag til Bjarkarhlíðar til að sjá um þessa þjónustu.

Opinskátt um ofbeldi

Verkefnið **Opinskátt um ofbeldi** snýst um að gera starfsfólk betur í stakk búið til að tala um ofbeldi og bregðast við ef það verður vart við að börn búi við ofbeldi. Verkefnið snýst einnig um það að gera börnum kleift að fjalla um ofbeldi. Þetta verkefni var í upphafi tilraunaverkefni sem þrjú starfsstaðir tóku þátt í; leikskólinn Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland. Borgarstjórn hefur ákveðið að innleiða verkefnið í öllum hverfum borgarinnar. Hreinskiptin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess sem sniðin er að þroska barna á leik- og grunnskólaaldri er skref í þá átt að draga tjöldin frá og rjúfa þögnina sem hefur umlukið ofbeldi.

Aðgerð 31

Opinskátt um ofbeldi í öllum hverfum borgarinnar

Innleiða verkefnið/verklagið Opinskátt um ofbeldi í öllum hverfum borgarinnar. Í því felst m.a. að:

- ✓ Ræða við börn um ofbeldi, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi
- ✓ Tryggja að börn viti af hjálp, t.d. með veggspjöldum í öllum skólum
- ✓ Vera með skýra ferla sem snúa að tilkynningum til barnaverndar, hver tilkynnir og hver sér um samskipti við foreldra
- ✓ Vera með fræðslu, sem Barnavernd Reykjavíkur sér um, til kennara og annars starfsfólks skóla

Markmið: Auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því. Einnig að efla þekkingu kennara og annars starfsfólks á ofbeldi, réttum viðbrögðum þegar grunur vaknar um ofbeldi og samræmt verklag við þær aðstæður í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðili: Barnavernd og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Tímarammi/staða: Halda áfram með innleiðinguna.

Kostnaður: 10 millj. voru veittar til verkefnisins árið 2018, annað innan ramma sviðsins.

Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi

Tíðni kynferðisofbeldis er svo há að allt fagfólk Reykjavíkurborgar sem vinnur með fólki er líklegt til þess að hitta brotþola í störfum sínum. Þess þarf að gæta að halda á lofti umræðu um kynferðisofbeldi og að fagfólk viti hvar hægt sé að leita eftir upplýsingum og hvert beri að beina fólki. Í samningi Stígamóta er tilgreint að Stígamót sjái um fræðslu m.a. á þjónustumiðstöðvum.

Aðgerð 32

Fræðsla um kynferðisofbeldi

Þjóða upp á fræðslu Stígamóta í fræðsluáætlun velferðarsviðs og einnig í miðlægri fræðslu hjá borginni.

Markmið: Að starfsfólk borgarinnar sem á þarf að halda þekki einkenni og leiðir til stuðnings við þá sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið og mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Samstarfsaðili: Stígamót.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Er tilgreint í samningi að Stígamót sjái um þessa fræðslu.

Aðgerð 33

Fræðsla um vændi

Boðið verði upp á fræðslu Stígamóta um vændi og afleiðingar þess. Þessi fræðsla verði opin þ.e. í boði fyrir þau sem vilja tileinka sér þessa þekkingu en félagsráðgjafar verði hvattir til að nýta sér hana.

Markmið: Að starfsfólk borgarinnar sem á þarf að halda þekki afleiðingar vændis og leiðir til stuðnings við þá sem hafa stundað vændi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið og Mannauðs- og starfsþróunarvið.

Samstarfsaðili: Stígamót.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Hluti af þjónustusamningi við Stígamót.

Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í skóla- og frístundastarfi

Alþingi samþykkti í júní 2021 þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Forvarnirnar eiga að vera samþættar m.a. kennslu og skólustarfi á öllum skólastigum og starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Aðgerð 34

Halda til haga tölfraeðiupplýsingum um fræðslu

Að halda utan um tölfraeðiupplýsingar um fræðslu og miðla þeim upplýsingum til forvarnarfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Markmið: Að tryggja að allir skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hafi fengið fræðslu fyrir lok ársins 2024.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðilar: Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, leik- og grunnskólar, Barna- og fjölskyldustofa- og velferðarsvið.

Tímarammi: 2022-2024.

Kostnaður: Innan ramma sviðsins.

Aðgerð 35

Fræðsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa leikskólabörnum

Veita starfsfólki leikskóla fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa leikskólabörnum.

Markmið: Að starfsfólk leikskóla sé í stakk búið til að samþætta forvarnir starfseminni og fræða með þeim hætti að hæfi þessu skólastigi.

Ábyrgð: Leikskólastjórar.

Samstarfsaðilar: Skóla- og frístundasvið, forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félag stjórnenda leikskóla, Barna- og fjölskyldustofa og frjáls félagasamtök.

Tímarammi: 2022-2024.

Kostnaður: Innan ramma sviðsins.

Aðgerð 36

Teymi í öllum grunnskólum sem eru til stuðnings og ráðgjafar í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

Starfrækja teymi í hverjum grunnskóla sem hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið verði kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teymið leitist jafnframt við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Í þingsályktuninni er tilgreint hvernig það skuli skipað. Teymið verði jafnframt tengiliður við skólaskrifstofur sem sjái um að miðla þekkingu og fræðslu.

Ábyrgð: Skólastjórar grunnskóla og Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðilar: Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilsugæslan.

Tímarammi: 2022-2024.

Kostnaður: Innan ramma Skóla- og frístundasviðs..

Aðgerð 37

Miðlægt ráðgjafateymi borgarinnar

Viðhalda ráðgjafateymi borgarinnar um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi. Teymið er skipað fulltrúum úr öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar auk fulltrúa skólahjúkrunarfræðinga og fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur er formaður teymis en teymið veitir ráðgjöf, stuðning og fræðslu eftir þörfum til stjórnenda, starfsfólks og barna og unglinga þegar

upp koma kynferðisbrotamál í skóla- og eða frístundastarfi. Teymið veitir forvarnarteymum skóla stuðning.

Markmið: Að tryggja að brugðist sé við öllum kynferðisbrotamálum sem upp koma í skóla- og frístundastarfi á faglegan hátt og þeim komið í viðeigandi farveg.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið og Velferðarsvið

Tímarammi/staða: Viðvarandi

Kostnaður: Innan ramma sviðsins

Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks

Örugg saman er námsefni fyrir 9. og 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með til að draga úr ofbeldi í nánum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, fjalla um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu.

Sjúk ást er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hafa unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti og er að finna á www.sjukast.is

Markmið

Draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal ungs fólks.

Aðgerð 38

Kynna námsefni

Vekja athygli stjórnenda skóla og kennara á námsefninu.

Markmið: Að kennarar þekki til námsefnisins.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið, sérstaklega jafnréttisskólinn.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma Skóla- og frístundasviðs.

Eineltisáætlanir

Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir af öðrum einstakling eða hópi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif á þann sem fyrir því verður. Allir skólar í borginni eru með eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja einelti og uppræta það þegar grunur er um slíkt.

Aðgerð 39

Tryggja virkar eineltisáætlanir

Fylgja því eftir með reglubundnum hætti að allir skólar í borginni séu með eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja einelti og uppræta það þegar grunur er um slíkt. Þess sé gætt að

nauðsynleg þekking sé til staðar með því að bjóða fræðslu um einelti og að upplýsingar um leiðir til að tilkynna um einelti séu aðgengilegar á vefsíðu, ásamt viðbragðsáætlun og upplýsingum um úrvinnsluferli. Jafnframt komi fram hverjir taki við ábendingum um einelti og hverjir sitji í eineltisteymi skólanna.

Markmið: Að öllu starfsfólki sé ljóst hvernig vinna á að því að fyrirbyggja einelti.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið/**Teymi um Vinsamlegt samfélag.**

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma sviðsins.

Sporna gegn Rasisma

Fram hefur komið að rasisma og útlendingahatur er að finna í íslensku samfélagi. Það er mikilvægt að uppræta slíkt með því að horfast í augu við að slík viðhorf er að finna og bregðast við með því að fræða gerendur um það hvaða áhrif rasismi og útlendingahatur hefur á þau sem verða fyrir slíku og veita þeim stuðning.

Aðgerð 40

Fræðsla um fjölmenningu og fordóma

Fræðslu um fjölmenningu og fordóma verði haldið áfram fyrir nemendur á mið- og unglingsstigi í grunnskólum Reykjavíkur. Brúarsmiðir þekkingarteymisins **Miðja máls og læsis** og verkefnastjóri fjölmenningar á grunnskólaskrifstofu hafa staðið fyrir fræðslu um fordóma þar sem sérstaklega er rætt um kynþáttafordóma og birtingarform þeirra. Jafnframt verði unnið að því að þróa þessa fræðslu fyrir yngra stig grunnskóla.

Markmið: Að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið/**Miðja máls og læsis.**

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma sviðsins.

Öruggar borgir á Norðurlöndum

Samþykkt var á fundi borgarstjórnar 16. maí 2017 að Reykjavíkurborg gerðist aðili að sáttmálanum Öruggar borgir á Norðurlöndum eða **Nordic Safe Cities** (NSC). Um er að ræða samstarfsverkefni og tengslanet borga á Norðurlöndunum sem koma saman, deila reynslu sinni og koma í framkvæmd aðgerðum sem fyrirbyggja öfgahyggju (e. violent extremism) og ofbeldisfulla hegðun í aðildarborgunum. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um aðild Reykjavíkurborgar að **Nordic Safe Cities**.

Borgin þarf áfram að sinna öfluggu forvarnarstarfi, sem nær allt frá félagsaðstoð, frístund og að barnavernd og vinna áfram að því að gera Reykjavík að barnvænni borg. Stofnanir borgarinnar og lögreglan þurfa að byggja upp traust og eiga í virku samtali við íbúa, en vinir, fjölskyldur og fagfólk

sem vinnur með börnum. Starfsfólk stofnanna þarf að vera vakandi fyrir mögulegum hættumerkjum og einangrun ungmenna og grípa inn í með viðeigandi hætti.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940 gera hatursorðræðu refsiverða (233 gr. a). Umræðan um hatursorðræðu getur verið viðkvæm og flókin og er tjáningarfrelsinu oft stillt upp sem andsvari og álitid vera í hættu þegar fjallað er um hatursorðræðu. Á móti hefur verið bent á að tjáningarfrelsinu fylgi ábyrgð og að það veiti ekki frelsi til að tjá hatur, sem er bannað með ofangreindum lögum. Það er mikilvægt að hafa í huga að hatursorðræða beinist frekar að ákveðnum hópum en öðrum, oft jaðarsettum hópum, en ofangreind lög um hatursorðræðu tilgreina þjóðerni, litarhátt, kynþátt, trúarbrögð, kynhneigð og kynvitund.

Aðgerð 41

Lögregla taki þátt í verkefninu **Velkomin í hverfið þitt**

Að veita lögreglu aðkomu að verkefni Reykjavíkurborgar **Velkomin í hverfið þitt**. Tilraun um slíkt verði gerð í samvinnu þjónustumiðstöðvar Breiðholts og lögreglustöðvar 3 í Reykjavík. Lögreglumenn frá lögreglustöð 3 kynni sig og sína starfsemi fyrir öllum nýjum íbúum sem taka þátt í **Velkomin í hverfið þitt** hjá þjónustumiðstöð Breiðholts árið 2022.

Markmið: Að auka traust nýrra íbúa á lögreglu.

Ábyrgð: Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í Breiðholti og stöðvarstjóri á lögreglustöð 3.

Samstarfsaðilar: Aðilar innan Breiðholts sem veita þjónustu.

Tímarammi: Janúar – desember 2022.

Kostnaður: Innan ramma verkefnisins **Velkomin í hverfið þitt** og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerð 42

Tryggja fjármagn til reksturs **Flotans** og **Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar**

Að tryggja fjármagn til reksturs **Flotans**, flakkandi félagsmiðstöðvar, til frambúðar sem og til **Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar**. Báðar félagsmiðstöðvarnar eru innan Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og búa við tímabundið fjármagn og þar með ótrygga framtíð. **Flotinn** nær til ungmenna sem sækja ekki hefðbundin frístundaúrræði með því að flakka um borgina og sækja staði þar sem ungmenni eru gjarnan, byggja upp samband og kynna frístundastarf fyrir þeim. **Hinsegin félagsmiðstöðin** er úrræði sérstaklega ætluð hinsegin ungmennum í Reykjavík en hún hefur verið gífurlega vinsæl og árangursrík undanfarin ár. Báðar félagsmiðstöðvar hafa mikið forvarnargildi. Með þessari aðgerð er lagt til að rekstur þeirra verði tryggður með því að hann verði innan ramma fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs.

Markmið: Að öll ungmenni hafi tækifæri til að sækja viðeigandi frístundaúrræði Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og forstöðumaður Tjarnarinnar.

Tímabil: Unnið verður að þessari aðgerð fyrir haustið 2022.

Kostnaður: Gert er ráð fyrir að fjármagn til reksturs **Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar** og **Flotans** verði innan ramma skóla- og frístundasviðs.

Aðgerð 43

Gefa út fræðsluefni um hættumerki þess að einstaklingar geti leiðst út í öfgahyggju

Gefið verði út fræðsluefni um hættumerki þess að einstaklingar leiðist út í öfgahyggju (e. lone wolves) ásamt upplýsingum um það hvernig forvarnir fyrirbyggja slíkt. Efnið verði kynnt fyrir starfsfólki skóla- og frístundasviðs í gegnum *Torgið*, nýtt fræðslukerfi Reykjavíkurborgar.

Markmið: Að starfsfólk á skóla- og frístundasviði þekki hættumerki um öfgahyggju og forvarnir gegn henni.

Tímarammi: Fræðsluefni tilbúið haustið 2022. Kynnt veturinn 2022-2023.

Ábyrgð: Sviðsstóri skóla- og frístundasviðs og mannréttindastjóri.

Kostnaður: Innan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Aðgerð 44

Samfélagslögreglur verði starfandi á öllum lögreglustöðvum höfuðborgarsvæðisins

Tilraunaverkefni um samfélagslögreglur á öllum lögreglustöðvum höfuðborgarsvæðisins verði sett á fót í þeim tilgangi að auka nærveru við borgarbúa, vera sýnilegri og aðgengilegri og auka með þeim hætti traust borgarbúa til lögreglu. Stöðugildi og hlutverk þeirra verði skilgreind og tryggð.

Markmið: Að auka tengsl og traust á milli almennings og lögreglu.

Ábyrgð: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Tímarammi: Verkefnið verði undirbúið fyrri hluta 2022 og hafið haustið 2022.

Kostnaður: Verður kostað af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu ef fjárveiting fæst til verkefnisins.

Aðgerð 45

Framfylgja tillögum starfshóps um börn innflytjenda.

Að framfylgja öllum tillögum starfshóps um börn innflytjenda í Reykjavík (frá maí 2020). Lagt er til að ráðist verði í framkvæmd þeirra tillagna sem eftir sitja, enda er að baki þeim ítarleg vinna sérfræðinga borgarinnar sem höfðu það að markmiði að kortleggja stöðu barna innflytjenda á Íslandi með tilliti til líðan, neyslu, þátttöku í skipulögðu íþrótt- og félagsstarfi sem og nám eftir skólaskyldu.

Starfshópurinn byggði tillögur sínar um börn innflytjenda í Reykjavík á Íslenska forvarnarmódelinu. Starf og áherslur hópsins samræmist því markmiðum og leiðum **Nordic Safe Cities**.

Markmið: Að bæta stöðu barna innflytjenda í Reykjavík.

Ábyrgð: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs.

Tímarammi: Að útistandandi tillögum verði hrint í framkvæmd í ársbyrjun 2022.

Kostnaður: Innan ramma skóla- og frístundasviðs.

Aðgerð 46

Rýna mögulegar útfærslur á internetlögreglu

Að rýna í mögulegar útfærslur á svokallaðri internetlögreglu og taka mið af reynslu og sambærilegum verkefnum hjá öðrum borgum innan og utan **Nordic Safe Cities**. Tilgangurinn er að fylgjast með og vinna gegn hatursorðræðu.

Markmið: Að koma í veg fyrir hatursorðræðu á internetinu.

Tímabil: Tillögur um útfærslu liggi fyrir haustið 2022.

Ábyrgð: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsaðilar: **Nordic Safe Cities**.

Kostnaður: Innan ramma lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerð 47

Efla starf lögreglunnar í tengslum við hatursmál

Efla starf lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í hatursmálum með þeim hætt að leggja áherslu á frumkvæðislöggæslu. Fylgst verður með hatursorðræðu og unnið gegn henni. Skoðaðar verða útfærslur og sóknir lögreglu á Norðurlöndunum og mismunandi aðferðum sem hefur verið beitt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og sækja hatursglæpi.

Markmið: Að koma í veg fyrir hatursglæpi í samfélaginu.

Tímabil: Tillögur um útfærsluna liggi fyrir haustið 2022.

Ábyrgð: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsaðilar: **Nordic Safe Cities**.

Kostnaður: Innan ramma lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerð 48

Fræðslufni um hatursorðræðu og ólýðræðislega orðræðu

Útbúið verði fræðslufni um hatursorðræðu og ólýðræðislega orðræðu ásamt afleiðingum hennar. Það verði kynnt fyrir starfsfólki á skóla- og frístundasviði, velferðarsviði, ungmennaráðum og íbúaráðum meðal annarra.

Markmið: Að auka þekkingu almennings um hatursorðræðu.

Tímabil: Fræðslufni verði tilbúið haustið 2022.

Ábyrgð: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Aðgerð 49

Námskeið fyrir borgarfulltrúa um hatursorðræðu

Að útbúið verður námskeið fyrir borgarfulltrúa um hatursorðræðu, sérstaklega er snertir þeirra störf. Námskeiðið verður tilbúið og haldið eftir næstu borgarstjórnarkosningar (2022).

Markmið: Að borgarfulltrúar verði upplýstir um hatursorðræðu.

Tímarammi: Námskeiðið tilbúið fyrir haustið 2022.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjórnar

Kostnaður: Innan ramma skrifstofu borgarstjórnar.

Örugg borgarrými

Við skipulagsgerð og borgarhönnun er mikilvægt að taka tillit til þeirra þátta sem geta haft jákvæð áhrif á öryggistilfinningu borgarbúa án þess að það skerði virkni rýmisins eða fagurfræði.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 eru örugg hverfi og almenningsrými orðin að markmiði tengt lýðheilsu og borgarskipulagi. Þar segir í kafla um heilsuborgina, lýðheilsu og borgarskipulag: „*Til að geta komið til móts við áskoranir hvers tíma, þurfum við að innleiða vinnulag sem tryggir vöktun helstu áhrifaþátta heilsu og vellíðanar og tryggja að brugðist verði við með viðeigandi hætti, byggt á bestu þekkingu.*“

Nordic Safe Cities hafa gefið út bæklingana **The Nordic Safe Cities Guide** og **Safe Urban Spaces** sem innihalda upplýsingar og leiðbeiningar um skipulag og hönnun í borgarlandi með áherslu á fyrirbyggjandi lausnir við hönnun rýma t.d með því að fella öryggisráðstafanir inn í umhverfið. Lagt er til að þetta efni verði nýtt af Reykjavíkurborg til þess að efla vitund um og flétta öryggissjónarmið saman við hönnun á borgarrými.

Aðgerð 50

Leiðbeiningar sem flétta öryggissjónarmið inn í borgarskipulag

Að útbúa drög að efni, svo sem stefnu, leiðbeiningar eða verklag varðandi arkitektúr og hönnun fyrir Reykjavíkurborg sem fléttar öryggissjónarmið saman við borgarskipulag. Öryggi verði samþætt skipulagi borgarinnar og gildi það jafnt fyrir eigin verkefni borgarinnar sem og aðra sem vinna að uppbyggingu í borginni. Bæklingarnir **The Nordic Safe Cities Guide** og **Safe Urban Spaces** verða hafðir til hliðsjónar.

Markmið: Að skapa öruggt borgarrými.

Tímarammi: Drögin verða tilbúin haustið 2022.

Ábyrgð: Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Samstarfsaðilar: **Nordic Safe Cities**.

Samstarfsaðilar: Hagsmunaaðilar.

Fjármagn: Innan ramma umhverfis- og skipulagssviðs..

Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum

Vinna að aðgerðum í tengslum við samkomulag Reykjavíkurborgar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka ferðapjónustunnar um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði. Í því felst að halda reglubundna teymisfundi með fulltrúum áðurnefndra aðila þar sem farið er yfir stöðuna á samkomulaginu og hvað megi betur fara. Einnig eru haldnir fundir með fulltrúum skemmtistaða sem eiga aðild að verkefninu þar sem farið er yfir ofbeldisbrot á skemmtistöðum síðustu sex mánuði hverju sinni. Á þessa fundi er einnig boðaður fulltrúi neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis sem fer yfir komur á neyðarmóttöku á tímabilinu.

Í samstarfinu felst að auki að unnar séu reglubundnar úttektir á skemmtistöðum þar sem fulltrúar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins heimsækja þá staði sem eiga aðild að samkomulaginu og gera ábendingar um þau atriði sem betur mættu fara.

Aðgerð 51

Fræðsla fyrir dyraverði

Samkvæmt samkomulagi við Mími símenntun heldur starfsfólk frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fræðslu fyrir dyraverði sem er hluti af námskeiði til dyravarðaréttinda.

Inntak fræðslunnar er eftirfarandi: Hvernig geta okkar eigin fordómar og staðalmyndir í samfélaginu haft áhrif á samskipti okkar við mismunandi hópa? T.d. innflytjendur, hinsegin fólk og fatlað fólk. Hverjar eru birtingarmyndir fordóma og hvernig geta þeir leitt til áreitni og ofbeldis? Hvað er kynferðisleg áreitni og hvernig er hægt að bregðast við henni?

Markmið að loknu námi er að nemendur:

- ✓ Séu meðvitaðir um mismunandi stöðu fólks í samfélaginu sem sækir skemmtistaði t.d. út frá kyni, uppruna, kynþætti, litarhætti, kynhneigð, fötlun eða annarri stöðu.
- ✓ Geti borið kennsl á birtingarmyndir fordóma og áreitni gagnvart ólíkum hópum
- ✓ Þekki birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og þekki leiðir til að bregðast við
- ✓ Hafi öðlast aukna færni til þess að bregðast við hegðun sem byggir á fordómum

Markmið: Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.

Ábyrgðaraðili: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu/mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Mímir, símenntun.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Kostnaður við námskeið er greiddur af eigendum/rekstaraðilum skemmtistaða.

Vændi og mansal

Mansal fer eðli málsins samkvæmt mjög leynt og er þörf á að virkja almenning til að fylgjast með sínu nærumhverfi og þekkja merki mansals. Reykjavíkurborg vill vinna gegn mansali og vændi, bæði með

Því að tryggja úrræði sem geta komið í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi og með aðstoð við fólk við að vinna úr afleiðingum vændis, en kaup á því eru ólögleg.

Aðgerð 52

Þróa úrræði fyrir fólk sem vill komast úr vændi

Vinna að því að koma á samvinnu á milli stofnana borgarinnar til að skapa úrræði fyrir fólk sem vill komast úr vændi. Settar verði fram tillögur þess efnis hvaða þjónusta þarf að vera til staðar, hvaða samvinnu þurfi að koma á og hvort þurfi að setja sérstaklega fjármagn í þetta eða breyta einhverjum reglum borgarinnar.

Markmið: Auðvelda einstaklingum að komast úr vændi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Aðrar stofnanir og grasrótarsamtök.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar

#Metoo byltingin sýndi fram á mikilvægi þess að allt samfélagið bregðist við og vinni gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Í 14 gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir: *“Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótt- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.”*

Aðgerð 53

Fræðsla til starfsfólks borgarinnar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi

Markviss fræðsla til starfsfólks um stefnu Reykjavíkurborgar gegn EKKO (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) og verkferla í gegnum nýtt fræðslukerfi borgarinnar.

Markmið: Útrýma kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni, í starfsumhverfi og þjónustu borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á.

Tímarammi/staða: Að allt starfsfólk hafi aðgang að fræðslunni vor 2022.

Kostnaður: Innan ramma sviðsins.

Aðgerð 54

Vinna samskiptasáttmála Reykjavíkurborgar

Vinna með starfsfólki borgarinnar að því að setja fram samskiptasáttmála þar sem tilgreint er á hverju samskipti innan vinnustaðarins grundvallast.

Markmið: Bæta samskipti á vinnustað.

Ábyrgðaraðili: Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á.

Tímarammi/staða: Drög að samskiptasáttmála liggja fyrir í lok árs 2022

Aðgerð 55

Greina starfsumhverfi starfsfólks með tilliti til áhættuþátta

Meta áhættu á ofbeldi í starfi og greina mögulegar mótvægisáðgerðir. Sumt starfsfólk borgarinnar vinnur störf við erfiðar aðstæður og mikilvægt er að finna leiðir til að tryggja öryggi þeirra.

Markmið: Efla öryggi á vinnustað.

Ábyrgðaraðili: Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á.

Tímarammi/staða: Mat og tillögur liggja fyrir í lok árs 2023.

